



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 2. desember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (leiðbeiningar- og upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir). brottmál líffæra nr. 16/1991 (ætlað samþykki), 144. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 7. nóvember sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (leiðbeiningar- og upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir), 144. mál á 143. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu felst m.a. að inn í V. kafla laganna, sem fær nýtt heiti: Leiðbeiningar- og upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir, koma 11 nýjar greinar þar sem TR eru veittar víðtækar heimildir til að afla upplýsingar um umsækjendur bóta og bótaþega. Í nýrri 42. gr. er gert ráð fyrir að þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem bera ábyrgð á vörslu sjúkraskráa sé skylt að veita læknum og heilbrigðisstarfsmönnum TR þær upplýsingar og gögn sem stofnuninni eru nauðsynleg vegna ákvörðunar um greiðslu bóta og vegna eftirlitshlutverks hennar. Þá felst í ákvæðinu að læknum og heilbrigðisstarfsmönnum TR er heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár umsækjenda eða bótaþega sem nauðsynlegt er vegna eftirlits og reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Slík skoðun skuli fara fram á þeim stað þar sem sjúkraskrá er varðveitt. Í athugasemdum við einstakar greinar segir að ný 42. gr. frumvarpsins sé efnislega samhljóða 5. mgr. 52. gr. gildandi laga um almannatryggingar.

Þó ákvæðið sé efnislega samhljóða þegar gildandi lagaákvæði telur LÍ engu að síður að 42. gr. frumvarpsins sé of rúm og að í hana vanti nánari leiðbeiningu um það hvaða upplýsingar og gögn úr sjúkraskrá séu læknum og heilbrigðisstarfsmönnum TR nauðsynlegar vegna ákvörðunar um greiðslu bóta og vegna eftirlitshlutverks hennar. Í ákvæðinu segir einnig að læknum og heilbrigðisstarfsmönnum TR sé heimilt að skoða þann hluta sjúkraskrár sem nauðsynlegt er vegna eftirlits og reikningsgerð á hendur stofnuninni er byggð á. Í fljótu bragði er vandséð hvaða tilvik í eftirliti kalli á það að starfsmenn TR hafi beinan aðgang að sjúkraskrá eins og hér er gert ráð fyrir. Með sama hætti er í fljótu bragði ekki hægt að átta sig á hvaða reikningsgerð og hverra á hendur TR kallar á beinan aðgang að sjúkraskrá umsækjenda eða bótaþega. LÍ leggur því til að orðalag 42. gr. verði þrengt og það nákvæmar skýrt hvenær lækna og heilbrigðisstarfsmenn TR eiga rétt á gögnum og upplýsingum úr sjúkraskrá. LÍ telur einnig að skoða þurfi betur hvort ástæða sé til að veita þessum starfsmönnum beinan aðgang að sjúkraskrá umsækjenda eða bótaþega.

Fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar Alþingis til að ræða nánar efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.